

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 5. júlí 2022
UST202206-228/B.S.
10.04.02

**Efni: Vinnslutillaga - Breyting á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 -
Breyting á svæðum og veitum. Umsögn**

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Djúpavogshrepps sem felast m.a. í breytingu á íbúða- og atvinnusvæðum og staðsetningu nýrra vegtenginga og veitulagna. Hér er um að ræða vinnslutillögu og gerir Umhverfisstofnun eftirfarandi athugasemdir: Nú stendur fyrir dyrum mikil uppbygging á Djúpavogi, m.a. vegna aukinna umsvifa í fiskeldi. Því þarf að mati Umhverfisstofnunar að ígrunda vel hvernig staðið verði að uppbyggingu sem íbúar eiga eftir að búa við um langa framtíð. Víða um land, t.d. á Selfossi og síðast í Borgarnesi, eru hafnar eða eru uppi hugmyndir um að beina umferð frá byggðinni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ekki verði gerð sömu mistök þegar að staðsetningu vega og gatna kemur á Djúpavogi sem gætu kallað á enn frekari framkvæmdir í náinni framtíð.

Umhverfisstofnun telur að aðskilja eigi vegtengingar að iðnaðar- og hafnarsvæðum og ekki beina almennri umferð um þessi svæði. Þegar nýir vegir verða lagðir á að leggja áherslu á að koma þeim vel fyrir í landi og hlífa eins og kostur er votlendi og sérstaklega berggöngum sem setja mikinn og fallegan svip á landslag við Djúpavog. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Porkelsdóttir,
sérfræðingur